



Vatnstaka Silfurlax hf. í Ölfusi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-85-10

VATNSTAKA SILFURLAX H.F. Í ÖLFUSI

Í bréfi Landbúnaðarráðuneytisins dags. 15. apríl 1985 er óskað umsagnar Orkustofnunar um fyrirhugaða vatnstöku Silfurlax h.f. úr 1) uppsprettum Sandár og 2) heitavatnsvinnslu á sama svæði. Einnig er spurt um 3) áhrif ferskvatnstökunnar á Sandá annars vegar og 4) vatnstöku til heimilisþarfa nærliggjandi bæja hins vegar.

Almennt séð býður Ölfusið upp á góð skilyrði til fiskeldis vegna þess að þar er kostur á allmiklu köldu lindavatni og góðir möguleikar á öflun heits vatns. Á þetta hefur Orkustofnun bent og má í því sambandi vísa til meðfylgjandi skýrslu (OS 84007/JHD-01). Álit stofnunarinnar hefur ekki breyst hvað þetta atriði varðar og sér hún fyrir sitt leyti enga meinbugi á vatnstöku Silfurlax h.f. Um heitavatnsöflun gildir hér eins og víðast hvar, að allmikill kostnaður fylgir borunum og engan veginn er víst um árangur.

- 3) Áhrif á Sandá verða, að áin hverfur sem næst a.m.k. í þurrkatíð á kaflanum frá lindunum að læk sem í hana rennur af túnunum á Núpum. Hiti árinna neðan fiskeldisstöðvarinnar verður hærri en nú vegna íblöndunar heits vatns og hún mengast af frárennslinu. Mjög kemur til með að draga úr hitaáhrifum vegna írennslis niður að læknum úr Vatnatjörn, en á kaflanum frá lindasvæðinu að læknum fjórfaldast um það bil rennslið í Sandá.
- 4) Vatn til heimilisnota í Bæjapörpshverfinu öllu er tekið úr einni af efstu lindunum við Sandá. Þaðan fæst sjálfrennandi vatn heim á bæina. Vatnið er leitt um 2" pípu og lindin sem það er tekið úr er ekki til skiptanna. Varðandi vatnstöku Silfurlax h.f. er eðlilegt að tryggja býlunum áframhaldandi not af sjálfrennandi köldu vatni.

Um þessi síðastnefndu atriði má segja almennt, að ekki verði komist hjá inngrípi í rennsli, hitastig og lífræna mengun árinna hér fremur en annars staðar þar sem fiskeldisstöðvar spretta upp. Ekki verður heldur séð að skerða þurfi hagræði býlanna af sjálfrennandi köldu vatni, þar sem vatnstaka Silfurlax h.f. er fyrirhuguð neðan við lind þá sem býlin nýta.